



Fundargerð 2. haustþings Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) haldið í fjarfundi á Zoom 9.október

Opnað var inn á fundarsvæði á Zoom klukkan 10:00.

Fundurinn hófst klukkan 11:00.

1) Setning haustþings - skipun þingforseta og fundaritarara

Einar Már Sigurðarson, formaður SSA, setti haustþingið og bauð fundarmenn og gesti velkomna á Haustþing SSA 2020. Einar bauð nýja fulltrúa nýs sveitarfélags velkomna og óskaði einnig Stefáni Boga Sveinssyni til hamingju með fjörutíu ára afmælið. Að því búnu bar formaður upp tillögu um þingforseta, Jón Björn Hákonarson og fundarritara, Gunnlaug Sverrisson og var tillaga samþykkt án athugasemda.

Þingforseti tók við stjórn fundarins.

Þingforseti kynnti fyrirkomulag fundarins sem komið er til vegna óvenjulegra tíma og sóttvarnaraðgerða. Aðildarsveitarfélögin voru boðuð til fundarins fjórum vikum fyrir fund og heildardagskrá send út tíu dögum fyrir fund. Vegna sóttvarnartilmæla var dagskráin skorin niður af stjórn í þau lögformlegu málefni sem þinginu er ætlað að sinna en annað verður að bíða betri tíma. Fundurinn telst löglega boðaður og kallaði þingforseti eftir því ef einhver teldi svo ekki vera. Engar athugasemdir komu fram.

Þingforseti lýsti því næst fundinn lögmætan. Að þessu gerðu var gengið til dagskrár.

Þingforseti kynnti nefndir fundarins sem stjórn skipaði:

Í kjörbréfanefnd sátu: Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Jóhann Þórhallsson og Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir.

Í kjörnefnd sátu: Eydís Ásbjörnsdóttir (formaður), Gunnar Jónsson og Axel Örn Sveinbjörnsson.

Því næst gaf þingforseti formanni kjörbréfanefndar, Berglindi Hörpu Svavarsdóttur, orðið.

2) Niðurstöður kjörbréfanefndar

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður kjörbréfanefndar fór yfir kjörbréfin og kynnti fulltrúa sveitarfélaganna. Berglind las upp nöfn fulltrúa sveitarfélaganna og atkvæðamagn hvers sveitarfélags. Alls eru 25 fulltrúar með atkvæðisrétt á fundinum og heildaratkvæði eru 10.739.

Þingforseti þakkaði Berglindi fyrir og bauð formanni að flytja sitt ávarp.

3) Ávarp formanns

Einar Már Sigurðarson, formaður SSA, flutti ávarp.

Frá aðalfundi í lok júní 2020 hafa verið haldnir þrjár stjórnarfundir og tveir fundir í framkvæmdaráði. Einar Már fjallaði um fyrirkomulag haustþingsins frá því að pestin hóf innreið sína. Mikil breyting hefur verið gerð á upphaflegri dagskrá. Gert er ráð fyrir að fyrirlestrar sem fyrirhugaðir voru á þinginu verði haldnir og stefnt er að fundaröð á föstudagsmorgnum þegar fundarröð sambandsins tengt fjármálaráðstefnunni lýkur.

Einar fjallaði um breytingar á samþykktum SSA og því næst gerði Einar Már grein fyrir helstu málum sem unnið hefur verið að á kjörtímabili stjórnar.

- Gerð svæðisskipulags fyrir Austurland
- Þróun almenningsamgangna og samningur við Vegagerðina
- Rafrænn fundur framkvæmdaráðs með þingmönnum var haldinn nýlega en stefnt er að fleiri slíkum fundum á næstunni.
- Fjárlagagerð og mikilvægi þess að tryggja fjármagn.
- Samgönguáætlunin og mikilvægi þess að hún haldi.
- Niðurlagning Nýsköpunarmiðstöðvar og ályktun þar um
- Skoskaleiðin – tenging landsbyggðar við höfuðborgarsvæðið með niðurgreiðslu á flugsamgöngum. Mikilvægt að hækka hlutfall endurgreiðslu og auka fjármagn.
- Háskólaútibú á Austurlandi og samningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Stefnt er að frumgreinadeild hefji störf 2021.
- Sóknaráætlun 2020 – 2024 og umsóknir. Úthlutun fyrir áramót.
- Bygðaaætlun er í stöðugri yfirferð.
- Greiningarvinna innan Austurbrúar hefur verið aukin og áhersla á að hún nýtist innan svæðisins.
- Fjárhagsleg staða sveitarfélaga í tengslum við Covid-19. Ýmis afmörkuð verkefni framundan. Fjárhagsleg sjálfbærni sveitarfélaganna verði tryggð.
- Tekjustofna sveitarfélaganna þarf að endurskoða og breyta, en þeir taka ekki nægjanlega mið af samfélaginu eins og það er í dag.
- Horfa þarf á fleiri verkefni en lögbundin verkefni. Austurland þarf að vera samkeppnishæft við önnur landssvæði.
- Störf án staðsetningar og breytingar sem eru að verða í tengslum við breytt landslag vegna Covid-19.

Einar gerði grein fyrir að enginn heiðursgestur væri á haustþingi þetta árið eðli málsins samkvæmt.

Aðalheiður Borgþórsdóttir hlýtur Menningarverðlaun SSA fyrir árið 2020. Einar Már fór stuttlega yfir feril Aðalheiðar og óskaði henni til hamingju með viðurkenninguna. Verðlaunin verða formlega afhent síðar.

Einar Þakkaði ljómandi gott samstarf innan stjórnar og við starfsmenn Austurbrúar og framkvæmdastjóra SSA.

Þingforseti þakkaði Einari Má fyrir hans yfirferð og tók undir hamingjuóskir til Aðalheiðar.

Þingforseti bauð því næst framkvæmdastjóra að kynna tillögu að breytttri launaumgjörð stjórnar og nefnda í kjölfar bókunar sem gerð var á aðalfundi SSA 23.júní sl.

4) Tillögur frá stjórn kynntar og ályktanir lagðar fram

Framkvæmdastjóri kynnti vinnu um breytingu á launaumgjörð stjórnar og nefnda í kjölfar bókunar sem gerð var á aðalfundi SSA í sumar og fór yfir útfærslu.

Lagði framkvæmdastjóri fram eftirfarandi tillögu:

Haustþing SSA 9. október 2020 samþykkir framlagða tillögu til breytingar á launum stjórnar og nefnda. Breytingin taki gildi frá og með haustþingi SSA í samræmi við samþykktu ályktun þess efnis frá aðalfundi SSA 23. júní sl.

Þingforseti þakkaði framkvæmdastjóra fyrir kynninguna.

Þingforseti bauð formanni stjórnar að mæla fyrir ályktun stjórnar sem lögð er fyrir þingið:

Einar Már Sigurðarson, formaður kynnti ályktun sem samþykkt var af stjórn SSA þann 6. október sl. til framlagningar á þinginu.

Ályktun haustþings SSA haldið í fjarfundi þann 9. október 2020

Haustþing SSA, haldið í fjarfundi þann 9. október 2020 ítrekar mikilvægi þess að Alþingi og ríkisstjórn standi við bakið á sveitarfélögunum á þessum viðsjárverðu tímum. Mikilvægt er að sameinast um þau brýnu uppbyggingar- og framfaraverkefni sem ályktað hefur verið um undanfarin ár af hálfu SSA og blása þannig til sóknar fyrir íslenskt þjóðarþú. Haustþingið kallar eftir samstöðu þings og þjóðar viðað nýta þau tækifæri sem eru til staðar um leið og hlúð er að þeim sem verða fyrir áföllum af völdum Covid19.*

**Ályktanir SSA frá haustþingi haldið á Borgarfirði eystri þann 9.-10. október 2019.*

Þingforseti opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir og bað þá sem vildu fá orðið að ýta á þar til gerðan hnapp á skjáborði.

5) Umræður

Tillaga um launaumgjörð stjórnar og nefnda

Til máls tóku:

- Stefán Bogi Sveinsson. Stefán Bogi er ánægður með tillögu en langt er síðan lagt var af stað í þessa vegferð. Hann telur að verið sé að festa fyrirkomulag ágætlega í sessi.
- Ragnar Sigurðsson. Ragnar átti frekar von á að farið yrði í endurskoðun starfa innan Austurbrúar en að farið yrði í að auka kjör stjórnar.

Ályktun haustþings

Til máls tók Stefán Bogi Sveinsson.

Lokaði þingforseti þar með mælendaskrá og því næst var gengið til dagskrárliðarins afgreiðsla mála.

6) Afgreiðsla mála

Þingforseti bað kjörna fulltrúa um að rétta upp hönd til að greiða atkvæði sitt.

Tillaga um launaumgjörð stjórnar og nefnda

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gégn atkvæðum eins fulltrúa.

Ályktun haustþings SSA

Samþykkt samhljóða.

Þingforseti bauð Eydísi Ásbjörnsdóttur formann kjörnefndar að kynna tillögu kjörnefndar um stjórn SSA 2020 - 2022.

7) Kjör stjórnar

Eydís Ásbjörnsdóttir formaður fór yfir tillögu kjörnefndar um stjórn SSA 2020 - 2022:

Aðalmenn

Einar Már Sigurðarson

Pálína Margeirsdóttir

Gauti Jóhannesson

Hildur Þórisdóttir

Sigríður Bragadóttir

Varamenn

Eydís Ásbjörnsdóttir

Jón Björn Hákonarson

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Stefán Bogi Sveinsson

Íris Grímsdóttir



Þingforseti þakkaði Eydísi fyrir störf nefndarinnar og bar tillöguna upp og bað kjörna fulltrúa um að rétta upp hönd til að greiða atkvæði.

Tillaga kjörnefndar samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar upp tillögu um að fundarritara og þingforseta yrði falið að ljúka frágangi fundargerðar. Kallaði hann eftir hvort einhver væri á móti því en svo reyndist ekki vera.

Þingforseti þakkaði fyrir sig og bauð formanni að taka til máls.

Einar Már Sigurðarson formaður tók til máls. *Þakkaði hann fundarmönnum fyrir fundinn. Hann færði einnig þakkir til þingforseta, ritara og annarra starfsmanna fundarins, fyrir afar vel unnin störf. Að lokum þakkaði Einar Már fyrir gott samstarf við fráfarandi stjórnarmenn þá Gunnar Jónsson og Stefán Boga Sveinsson.*

Að því búnu sleit Einar Már fundi kl. 12:04.